# Gróðursetning 101

Land og skógur

## 1

### SKIPULAG
& UNDIRBÚNINGUR



- Skráið framkvæmdir í forrit, t.d. Avenza.
- Fáið kort & gerið skipulag.
- Skráið svæðin sem plantað er í jafnóðum eða í kaffihléum og í lok dags.

## 2

### FLUTNINGUR
PLANTNA



- Flytjið plöntur í lokuðum bíl eða kerru.
- Flytjið einungis dagsskammt af plöntum á plöntunarstað.

## 3

### GEYMSLA Á
GRÓÐURSETNINGARSTAÐ



- Í skjóli og sem mestum skugga.
- Á sléttu undirlagi.
- Þar sem stutt er í vatn.

## 4

### VÖKVUN
PLANTNA



- Hafið rótarhnausinn alltaf það rakan að drjúpi úr honum þegar kreistur.
- Vökvið daglega.
- Viðhaldsáburðargjöf vikulega.

## 5



### MEÐHÖNDLUN
PLANTNA



- Leggið bakkana varlega á jörðina.



- Hendið ekki bökkum á jörðina þegar verið er að umraða þeim.



- Vandið röðun plantna og bakka í plöntubelti.

## 6

# GÆÐI GRÓÐURSETNINGAR



- Ekki gróðursetja of grunnt, þá þornar rótarhnausinn fljótt. Miðum við að efra borð hnaussins sé 2-5 cm undir yfirborði.
- Plantið lóðrétt, en ekki skakkt.
- Hnausinn á að vera beinn ofan í jörðu, ekki J- eða U-laga.
- Þjappið með plöntunni, svo jarðvegurinn sé ekki of laus.
- Dreifið áburðinum (ca. 1 msk = 15g) í hring kringum plöntuna, ca. 10 cm frá plöntunni.

## 7

# AÐ VELJA STAÐ




- Forðist beran jarðveg vegna hættu á frostlyftingu.
- Plantið í jaðra þúfna, ekki ofan á þúfuna eða í miðjar dældir milli þeirra.
- Plantið skjólmegin við þúfu eða stein ef hægt er.
- Notið handflekkingu þar sem gróður gæti tafið fyrir.

**Í jarðunnið land:**
**1.** Plantið á mótum rásarinnar og kúfsins.
**2.** Á mjög þurru landi má planta í botn rásar.
**3.** Á mjög blautu landi má planta ofan á kúfinn.

## 8

# ÞÉTTLEIKI GRÓÐURSETNINGAR

| Bil milli plantna | Fjöldi plantna í 50 m2 hring (r=3,99m) | Fjöldi plantna á ha |
|---|---|---|
| 1,8 m | 14-15 | 2800-3000 |
| 2,0 m | 12-13 | 2400-2600 |
| 2,2 m | 10-11 | 2000-2200 |
| 2,4 m | 8-9 | 1600-1800 |
| 3,0 m | 6-7 | 1200-1400 |




Hönnun: nitah.is | Útgefið 2026